

DSC Power Innbrotaviðvörðunarkerfi



Sími stjórnstöðvar Securitas allan
sólarhringinn í síma 533 5533

DSC GÆÐI Í ÖRYGGISKERFUM

- Njóttu þess að vera að heiman!

Þessi handbók er ætluð til að leiðbeina notendum stöðvarinnar við daglega umgengni við öryggiskerfið og einnig til að tryggja að allir möguleikar þess nýtist til fullnustu.

Nánari upplýsingar um notkun og virkni stöðvarinnar mun þjónustuver Securitas fúslega veita í síma **580 7100** (á skrifstofutíma??)

Ráðlagt er að lesa leiðbeiningar áður en kennsla fer fram á kerfið. Þannig tryggjum við hámarksárangur við kennslu á kerfið.









Notkunarleiðbeiningum er skipt í 7 hluta

1. Lýsing á lyklaborði kerfisins
2. Dagleg notkun, kerfi sett á vörð og tekið af verði
3. Hlutavarðsetning kerfisins, t.d. næturvarðsetning eða aðrar sérstakar stillingar
4. Aftenging á rás
5. Hvað á að gera ef kerfið gefur viðvörn
6. Hvað á að gera af bilun verður í kerfinu
7. Endursetning eftir eldboð



1. Lýsing á lyklaborði kerfisins



Notkun kerfisins er stjórnað með lyklaborði. Lyklaborðið inniheldur hnappaborð og skjá þar sem fram koma leiðbeinandi myndir og tölur við notkun kerfisins. Hnappaborðið er að öllu jöfnu hulið með loki sem er opnað þegar lyklaborðið er notað.

Á lyklaborðinu eru 4 ljós þau gefa til kynna það ástand sem kerfið er í hverju sinni.

-  GRÆNT  sýnir að kerfið sé tilbúið til notkunar
-  RAUTT  sýnir að kerfið sé á verði
-  GULT  sýnir að bilun er í kerfinu
-   ónotað


Á myndaskjónum koma upp myndir til að kynna það ástand sem er á kerfinu hverju sinni.




1. Eldur
2. Atburður í minni (fer næst þegar sett er á vörð)
3. Kerfi tilbúið til varðsetningar
4. Kerfi á verði
5. Bilun
6. Ónotað
7. Kerfi í forritunarham
8. Rás eða rásir gerðar óvirkar
9. Ónotað
10. Staða kerfis  Hlutavarðsetning
Allt kerfið á 
11. Ónotað
12. Rás opin (hurð, gluggi eða annar skynjari)

2. Dagleg notkun, kerfi sett á vörð og tekið af verði

Kerfi sett á vörð

Græna ljósið verður að loga . Ef það logar ekki þarf að ýta á [#] og þá blikkar númer á þeirri rás sem er opin. Aðgætið að rásin/skynjarinn sé komin í eðlilegt ástand.

Þegar kerfið er tilbúið. Haldið inni  hnappinum á hnappaborðinu. Einnig hægt að ýta á F2?.

Hljóðmerki heyrast nú frá kerfinu sem gefur til kynna að húsnæðið skuli yfirgefið og kerfið sé að fara á „Vörð“. Eftir fyrirfram innstilltan tíma (gjarnan 20-60 sek.) mun hljóðið hætta og kerfið er komið á vörð.


Kerfið tekið af verði

Þegar gengið er inn í vaktað svæði mun hljóðmerki heyrast frá kerfinu (getur tekið nokkrar sek.) Farið rakleiðis (ekki nauðsynlegt að bíða eftir hljóðmerki) að lyklaborðinu og sláið inn notendakóða. Hljóðmerki hættir og rauða ljósið hverfur. Kerfið hefur nú verið tekið af verði.

3. Hlutavarðsetning kerfisins - sérstillingar eins og Næturvarðsetning og fleira

Sér kerfið forritað með hlutavarðsetningu er mögulegt að setja hluta kerfisins á vörð þegar verið er í húsnæðinu, (t.d. fyrstu hæð en ekki aðra hæð, eða sérstaka skynjara á hurðum og gluggum).

Hlutavarðsetning


Haldið inni  hnappinum á hnappaborðinu. Hljóðmerki heyrast frá kerfinu og rauða ljósið logar. Aðeins valinn hluti kerfisins er nú á verði.


Kerfi tekið af verði eftir hlutavarðsetningu

Sláið inn notendakóða inn á hnappaborðið. Rauða ljósið hverfur og kerfið hefur nú verið tekið af verði.

ATH! Ef sleginn er inn rangur kóði er hægt að slá inn # til að hreinsa og byrja upp á nýtt. Þá er hægt að endurtaka innsláttinn á réttan máta

4. Aftenging á rás


Hægt er að aftengja rás/skynjara tímabundið (gera óvirkt). Sláið inn [*1] (notendakóði ef þarf) „Rás óvirk“ merkið  blikkar á skjánum. Sláið inn tveggja stafa tölu fyrir númer rásar, t.d. 01 fyrir rás 1 en 12 fyrir rás 12 osfrv. Þegar búið er að slá inn þær rásir sem á að einangra skal slá inn [#]

„Rás óvirk“ merkið  er stöðugt. ATH. Í hvert sinn sem set er á vörð eða tekið af verði tengjast þær rásir sem hafa verið aftengdar.

5. Hvað skal gera ef kerfið gefur viðvörun?


Sírena fer í gang fari kerfið í viðvörun. Til að stöðva sírenur er slegin inn notandakóði. Sírenur munu hljóðna. Hægt er að skoða hvaða rás/skynjari fór í viðvörun með því að slá inn [*3] og birtist þá númerið á þeirri rás/skynjara sem fór í viðvörun. ATHGUGIÐ! Þegar að kerfið gefur viðvörun eru boð send til stjórnstöðvar Securitas. Hringið í stjórnstöð (símanúmer á lyklaborði) og gefið upp nafn, heimili og leyniorð. Þetta hindrar ónauðsynleg útköll öryggisvarða.

6. Hvað á að gera ef bilun verður í öryggiskerfinu?

Ef bilun verður í kerfinu þegar það er á verði, mun  GULT ljós lýsa. Til að athuga hvaða bilun er í kerfinu er slegið inn [*2]. Þá kemur efst á skjánum upp tala á bilinu 1-8. Hafið samband við stjórnstöð Securitas í síma 533-5533 og gefið upp númer bilunar.

7. Endursetning eftir eldboð

Ef reyskynjari er tengdur kerfinu og hann hefur gefið eldboð þarf að endursetja kerfið eftir slík boð. Sláið [#] inn á lyklaborðið og sírenur þagna. Ástæða eldboða er fundin??. Leitað er að viðkomandi reyskynjara og viðeigandi ráðstafanir gerðar.

Haldið inn  á lyklaborðinu eða sláið inn [*72] til að endurstilla ljós í reyskynjara sem gaf boð. Ef í vafa, hringið í stjórnstöð Securitas.

